

Eiganda eða umráðamanni mannflutningabifreiðar er óheimilt að lána eða leigja hana öðrum án þess að bifreiðarstjóri fylgi.

Eigandi eða umráðamaður hvernar bifreiðar skal snúa sér til hlutaðeigandi lög-  
reglustjóra, er afhendir honum benzínviðskiptabók, sem fylgir bifreiðinni og skal  
afgreiðslustöð sú, er afhendir bifreiðinni benzín, skrifa á hana hvenær hún lætur  
benzín úti og hversu mikið. Bókina skal geyma vandlega og afhenda hana lögreglu-  
stjóra þar sem bifreiðin er skrásett, þegar hún er útnotuð, gegn afhendingu nýrrar  
bókar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum alt að 1000 krónum. Fara  
skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir  
ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.  
Óðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafn-  
framt er úr gildi fallin reglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 6. september  
1939.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. marz 1940.*

**Ólafur Thors.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

### um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937 sett eftir-  
farandi ákvæði um hámarksálagningu á sokka í heildsölu:

Álagningin má ekki vera hærri en hér segir:

Sokkar úr ull, bómull og ísgarni .....	20 %
Sokkar úr gervisilki og alsilki .....	25 —

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10 000 kr. sektum, auk þess  
sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 16. marz 1940.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*